

Föstudaginn 4. desember 1987.

Nr. 127/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Magnúsi Einarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Brot á húsfriði. Innbrot. Þjófnaður. Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Með áfrýjunarstefnu 10. mars 1987 var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar dómi sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. desember 1986. Með áfrýjunarstefnu 3. júlí 1987 var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar dómi sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1986. Var dómunum jafnframt áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar. Með síðari dóminum var ákærða dæmdur hegningarauki fyrir brot þau er hann var þar sakfelldur fyrir. Ber að sameina mál þessi í Hæstarétti.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákærum og að refsing verði þyngd. Þá er krafist staðfestingar á ákvæðum héraðsdóma um sakarkostnað og bótaskyldu ákærða. Þá er þess og krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin hæfileg málssóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði krefst sýknu af VI. lið ákæru 29. mars 1985 og að refsing verði lækkuð frá því sem dæmt var í héraðsdómi. Þá er þess krafist að skaðabótakröfu Áfengisverslunar ríkisins verði vísað frá dómi. Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvalds samkvæmt ákæru 15. janúar 1986, en til vara að refsing sú sem héraðsdómur dæmdi verði lækkuð.

Ákæra 29. mars 1985.

I.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara um þetta ákæruatriði er varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur mótmælt kröfu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um skaðabætur fyrir skemmdir á útidryum og búnaði. Ekki hefur verið gerð grein fyrir því hversu miklar skemmdir voru unnar á verslunarhúsnæðinu að Þjóðbraut 11 á Akranesi við innbrotið, m.a. hvort skemmdir hafi verið unnar á þjófavarnarkerfi eða rafbúnaði. Þá hefur ekki verið gerð grein fyrir afnotum af bílaleigubílum dagana 25. - 26. og 29. - 30. október 1984. Samkvæmt því og með vísan til niðurstöðu héraðsdóms um skaðabótakröfuna að öðru leyti verður henni vísað í heild frá héraðsdómi.

VI.

1) og 2) Krafist hefur verið að ákærði sæti refsingu, sbr. 2. tl. a 242. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara um þessi ákæruatriði og færslu til refsíákvæðis.

Ákæra 15. janúar 1986.

I.

Ákærði hefur eindregið neitað sakargiftum samkvæmt þessum ákæruleið.

Í skýrslu, sem Elísabet Ley gaf fyrir rannsóknarlögreglu á vettvangi 12. október 1984 og skýrslu sem hún gaf næsta dag, kvað hún mann þann, sem stóð með grímu fyrir andlitinu frammi við dyr, hafa verið í svörtum jakka og í svörtum bol sem á var lettrað UB40.

Elísabet gaf á ný skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu 19. júní 1985. Á meðal mynda sem henni voru sýndar var mynd af ákærða í myndskreyttum bol með áletruninni UB40. Kvaðst hún nú viss um að maður sá sem kom inn fyrir afgreiðsluborðið og tók peningana hefði verið klæddur í svona bol.

Við dómsmeðferð málsins skýrði Elísabet frá því í lok framburðar síns að ákærði hefði um það bil ári áður komið inn í sama söluturn og haft í hótunum við sig, þannig að hún þekkti hann er henni var bent á hann í lögreglubífreiðinni. Hún hafi þannig séð að bolurinn sem hann var í hafi verið eins og bolur sá sem maður sá var í er stóð við dyrnar.

Pegar framangreint er virt verður að telja ósannað að ákærði hafi

gerst sekur um verknað samkvæmt þessum lið ákæru eins og honum er þar lýst. Verður hann því sýknaður af þessu ákæruefni og framkominni skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

II.

Með framburði Unnars Sigurðar Hansen, sem studdur er framburði vitnanna Guðna Geirs Helgasonar og Gísla Snorrasonar svo og niðurstöðum vettvangsrannsókna, þykir nægilega sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er hér gefið að sök og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Skaðabótakrafa Olíufélagsins Skeljungs hf. vegna peninga sem teknir voru úr afgreiðslu bensínstöðvarinnar er ekki svo skýr að hún verði lögð til grundvallar í málinu. Verður þeim hluta skaðabótakröfu félagsins vísað frá héraðsdómi.

Krafa félagsins um skaðabætur fyrir skemmdir á húsi og búnaði er sundurliðuð og nemur 37.163,00 krónum og þykir mega leggja þá fjárhæð til grundvallar í málinu. Er ljóst af málgögnum að töluverðar skemmdir hafa verið unnar á húsi og húsbúnaði í afgreiðslu bensínstöðvarinnar.

Verður ákærði dæmdur til að greiða fjárhæð þessa.

Ákvörðun refsingar.

Eftir að dómur Sakadóms Reykjavíkur gekk 22. desember 1986 var ákærði dæmdur á ný í sakadómi Reykjavíkur 6. maí 1987 í 30 daga fangelsi fyrir brot á umferðarlögum framið 10. febrúar 1987 og var jafnframt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Þá var hann með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 31. ágúst 1987 dæmdur í fangelsi 2 ár og 4 mánuði fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni framin í október 1985. Var sú refsing dæmd sem hegningarauki við refsidóma þá yfir ákærða sem hér er fjallað um.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. einnig 72. gr. laganna með hliðsjón af sakarferli ákærða, hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði.

Staðfesta ber að gæsluvarðhaldsvist ákærða, 105 dagar, skuli koma til frádráttar refsingu hans.

Ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar, greiðslu málsvarnarlauna og réttargæslulauna í héraði eru staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Einarsson, sæti fangelsi 18 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald í 105 daga.

Ákærði greiði Olíufélaginu Skeljungu hf. 37.163,00 krónur en að öðru leyti er skaðabótakröfu félagsins vísað frá héraðsdómi.

Skaðabótakröfum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og Söluturnsins Tvistsins er vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóma um greiðslu sakarkostnaðar, málsvarnarlauna og réttargæslulauna eru staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. desember 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 18. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 674-680/1986: Ákærvaldið gegn A, Magnúsi Einarssyni, B, C, D, E og F, sem tekið var til dóms 11. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 29. mars 1985 á hendur ákærðu A, Magnúsi Einarssyni, áður að Bergstaðastræti 33 í Reykjavík, nú að Drangahrauni 2 í Hafnarfirði, fæddum 6. desember 1948 í Reykjavík, B, C, D, E og F.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað:

„I. Á hendur ákærðu A, Magnúsi, B og C fyrir að hafa, aðfaranótt fimmtudagsins 25. október 1984, brotist inn í útsölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Þjóðbraut 11 á Akranesi og stolið allt að 15 kössum af vodka og whisky og allt að 4.000 vindlingum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

VI. Á hendur ákærða Magnúsi fyrir tvö húsbrot í Reykjavík í félagi við Pál Konráð Konráðsson Þormar, fæddan 23. september 1941, þriðjudaginn 14. ágúst 1984, með því að:

1) Ryðjast inn á heimili Hilmars Guðmundssonar og Erlu Hólmfríðar Ragnarsdóttur, Háteigsvegi 14, þar sem Erla var ein heima, ógna henni með hnifi og ota að henni og stinga hnífnum í borðplötu og í hurð.

Telst þetta varða við 231. gr., 233. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

2) Ryðjast inn á heimili Eddu Báru Guðbjartsdóttur, Miklubraut 60, sem var þar ein og ógna henni þá með hnifi.

Telst þetta varða við 231. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ákærði D til upptöku haglabyssunnar samkvæmt 35. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda og ákærðu allir til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

I.

Ákærðu A, Magnús Einarsson, B og C hafa allir viðurkennt að hafa farið ásamt Lárusi Svavarssyni í bílaleigubifreið frá Reykjavík til Akraness aðfaranótt fimmtudagsins 25. október 1984. Þeir héldu að útsölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að Þjóðbraut 11 á Akranesi, þar sem ákærði A boraði stykki úr aðaldyrum verslunarinnar og stakk hana upp með skrúfjárn. Síðan kom einhver þeirra félaga með bílfjörur sem hafði verið í nágrenninu og með henni spenntu þeir upp rimlagrind fyrir innan hurðina. Ákærðu Magnús, B og C, svo og Lárus biðu álangdar á meðan ákærði A var að bora og stinga upp hurðina. Gættu þeir mannaferða að sögn ákærða A. Ákærði Magnús kveðst hafa verið mikið drukkin og man ekki hvað hann aðhafðist á meðan ákærði A var að fást við hurðina.

Ákærðu og Lárus héldu nú allir inn á lagerinn og báru þaðan út áfengi og vindlinga sem þeir slógu eign sinni á og óku með til Mosfellssveitar þar sem þeir földu meginhluta þýfisins í skúr skammt frá Hlaðgerðarkoti.

Ákærði A segir að magn áfengisins hafi verið tæpir 14 kassar og allir með 12 flöskum nema einn, en í hann hafi vantað tvær flöskur og vindlingalengjurnar hafi verið 65.

Ákærði Magnús vefengir ekki að þeir félagar hafi í þetta skiptið stolið allt að 15 kössum af vodka og whisky og allt að 4000 vindlingum, en sjálfur kveðst hann ekki hafa talið þýfið og geti því ekki fullyrt um magn þess.

Ákærði B kveðst ekki hafa talið þýfið. Hann vefengir ekki að það geti verið allt að 15 kössum af vodka og whisky og allt að 4000 vindlingum.

Ákærði C getur ekki fullyrt um magn áfengisins sem stolið var, þar sem

hann hafi ekki talið kassana nákvæmlega, en hann vilji ekki vefengja að magnið sé rétt tilgreint í ákærinni þótt hann hjá rannsóknarlögreglu hafi talið kassana 10. Hann kannast við að vindlingarnir hafi verið allt að 4000.

Ákærði C kveðst ekkert hafa fengið af þýfinu í sinn hlut, hann hafi aðeins staðið að því að bera þýfið út úr versluninni og inn í geymsluskúrinn þar sem meginhluti þess var settur í geymslu eftir komuna til Reykjavíkur. Hann segir að ákærði A hafi verið aðalmaðurinn í ferðinni. Hann hafi ekið og sjálfur, að mestu einn, staðið að því að sprengja þeim leið inn í verslunina.

Lárus telur, að þeir hafi stolið samtals ca. 15 kössum af áfengi, svo og ca. 3 mill (15 lengjum) af vindlingum.

Af gögnum málsins er óljóst hversu miklu af áfengi og tóbaki var stolið í innbrotinu. Í upplýsingaskýrslu Harðar Jóhannssonar, lögreglufulltrúa hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, er haft eftir útsölustjóra verslunarinnar, að samkvæmt talningu á lagernum sé talið að samtals hafi verið stolið að útsöluverðmæti 91.870,00 krónum eða ca. 153 flöskum af áfengi og vindlingum að útsöluverðmæti 83.375,00 krónum eða ca. 145 lengjum.

Í skaðabótakröfu Áfengis- og tóbaksverlsunar ríkisins, sem fyrir liggur í málinu, er þess getið að samkvæmt vörutalningu, sem framkvæmd var af fulltrúum ríkisendurskoðanda sama dag og þjófnaðurinn var framinn, hafi vöntun á tóbaksbirgðum numið 71.225,00 kr. og áfengisbirgðum 91.870,00 kr. Þess er ekki getið hversu margar flöskur eða vindlinga er um að ræða og engin skýrsla hefur borist frá ríkisendurskoðun um vörutalningu þessa.

Af þýfinu komst til skila 51 flaska af áfengi, þar af 30 af tegundinni Smirnoff vodka, 4 Finlandia vodka og 17 flöskur af Jameson Whisky, svo og 11 lengjur af vindlingum, þar af 7 af tegundinni Winston, 3 af Viceroy og 1 af Winston Lights.

Með játningum ákærðu og öðru því sem fram er komið í málinu er sannað að þeir hafi gerst sekir um framangreindan innbrotsþjófnað. Ekki verður slegið föstu hversu miklu magni áfengis og vindlinga þeir stálu í félagi við Lárus Svavarsson. Þó þykir líklegast, að magn áfengisins hafi verið á bilinu 10 - 15 kassar (120 - 170 flöskur) og vindlinganna á bilinu 3.000 - 4.000 stk. Varðar þessi verknaður ákærðu við 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

VI.

1) Vitnið Erla Hólmfríður Ragnarsdóttir, Háteigsvegi 14 í Reykjavík hefur skýrt svo frá, að það hafi verið eitt heima þriðjudaginn 14. ágúst 1984. Um kl. 19:30 var dyrabjöllunni hringt á íbúð vitnisins á 3. hæð. Fór

vitnið fram á stigapall og mætti tveim ókunnugum mönnum sem spurðu um Hilmar, eiginmann vitnisins. Vitnið sagði þeim að hann væri að heiman en þeir vefengdu það. Eftir þetta ruddust mennirnir inn til að staðreyna fjarveruna án þess að vitnið byði þeim inn.

Mennirnir komu þannig fyrir að vitnið varð strax hrætt við þá. Annar mannanna gekk ögrandi að vitninu og dró upp hníf úr hálmálinu að aftan. Segir vitnið að það hafi verið maðurinn sem vitnið þekkti af mynd sem ákærða Magnús, sem ógnaði því með hnífnum, sveiflaði honum fyrir framan vitnið og otaði að því. Maðurinn stakk hnífnum í íbúðarhurðina og kastaði honum ofan á borðplötu. Stakkst hnífurinn í plötuna og sveiflaðist skaftið til lengi á eftir. Hinn maðurinn, sem kynnti sig sem Pál Konráðsson og vitnið þekkti á mynd, reyndi að róa ákærða og tók af honum hnífinn, en afhenti honum hann aftur. Segir vitnið að ákærði hafi sagt að Hilmar hefði átt vingott við eiginkonu sína og Páll að hann hefði nauðgað henni. Magnús hefði hótad að „méla“ veggklukku ef vitnið segði ekki til manns síns, og vaðið um öll herbergi til að leita, en Páll staðið í ganginum og horft í kringum sig. Er mennirnir höfðu gefist upp á leitinni fóru þeir og höfðu með sér tvo páfagauka í búri. Vitnið var rólegt á meðan mennirnir stóðu við en varð skelfingu lostið eftir á. Að lokum skýrir vitnið svo frá að maður að nafni Sverrir Arason, sem búi í kjallara hússins, hafi sagt því að hann telji að mennirnir hefðu viljað hitta sig, þar sem hann hefði lánað manni frá Akranesi 6.000,00 krónur vegna aksturs með hann og vinkonu hans. Þau hefðu ekki greitt. Sverrir hafði þá hótad að taka sjónvarp stúlkunnar til að knýja á um efndir.

Lögreglunni í Reykjavík var ekki gert viðvart fyrr en klukkan 22.07, og var rætt við hjónin heima hjá þeim. Vitnið Erla Hólmfríður skýrði þá frá með svipuðum hætti og að framan greinir. Fyrr um kvöldið hafði lögreglan fengið tilkynningu um að ofangreindir tvímenningar og þriðji maður, B, hefðu verið á ferð á Miklubraut 60.

Lögreglan sótti þá ákærða og Pál Konráð heim til Páls Konráðs og flutti þá á lögreglustöðina. Í fangageymslunni fannst vasahnífur á ákærða.

Dóra Hlín Ingólfssdóttir rannsóknarlögreglumaður fór hinn 15. ágúst 1984 og sótti búið með fuglunum tveim að Óðinsgötu 8 A og afhenti vitninu Erlu Hólmfríði þá á heimili vitnisins. Við það tækifæri sýndi vitnið lítið stungufar á gangahurð íbúðarinnar að innanverðu og öllu stærra stungufar á sófaborði í stofu. Sagði vitnið að þetta væru förin eftir hnífinn.

Morguninn eftir atburðinn var Páll Konráð yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni. Þá bar hann að þeir hefðu allir átt óuppgerðar sakir við þennan Hilmar, eiginmann konunnar. Ætluðu þeir að láta hann vita að hann ætti að láta ákveðna stúlku í friði sem þeim fyndist öllum vænt um. Páll Konráð kvaðst ekki hafa tekið upp hníf, en ákærði hefði verið með

vasahníf. Páll Konráð kvaðst ekki hafa orðið var við að Magnús otaði hnífnum að konunni. Þeir hefðu bankað upp á og farið inn er opnað var fyrir þeim. Páll Konráð kvaðst hafa tekið páfagaukana úr búrinu og spurt hvort hann mætti hafa „þetta þangað til Hilmar hefði samband við þá“.

Hinn 17. október 1984 greiddi Páll Konráð 4.000 krónur í „miskabætur“ til vitnisins Erlu Hólmfríðar vegna málsins.

Þáttur Páls Konráðs í þessu máli var dæmdur í öðru máli. Við meðferð þess kom ekkert nýtt fram hjá honum.

Ákærði Magnús bar næsta morgun hjá rannsóknarlögreglunni að hann hefði farið við 3. mann að Háteigsvegi 14 „til að ná í mann“. B hefði beðið niðri en ákærði og Páll Konráð farið upp. Ekki kvaðst ákærði vita erindið en B og Páll hefðu átt eitthvert erindi við manninn, en ákærði vissi ekki hvað það var. Konan í húsinu virtist halda að það væri vegna „framhjáhalds manns hennar“ og sagði ákærði þá hafa notað það sem ástæðu fyrir komu þeirra og farið að rugla um einhverja þess háttar vitleysu. Ákærði taldi að konan ruglaði saman nöfnum þeirra Páls Konráðs, því Páll Konráð hefði verið með hnífinn. Að öðru leyti væri frásögn hennar rétt.

Hinn 22. ágúst s.á. bar ákærði við rannsóknina, að þeir þrír hefðu farið að hitta Sverri Arason, sem hefði verið með hótanir við Ásu vinkonu B. Þeir hefðu haldið að Sverrir byggi á efstu hæð hússins. Ákærði minntist þess ekki að það hefði verið hann sem var með hnífinn, og væri hann ekki vanur að ota hnífi að fólki, og þess vegna fyndist honum ósennilegt að það hefði verið hann, sem gerði það. Hins vegar hafi hann verið mjög drukkin og ruglaður þegar þetta var, og einnig búinn að taka inn einhver lyf.

B hefur skýrt svo frá hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins að þeir þrír hefðu verið í „slæmu ástandi“ er þeir fóru að Háteigsvegi 14 þar sem þeir höfðu verið „í miklu rugli í marga daga, bæði áfengi og eiturlyfjum“. Ætlunin hefði verið að hræða Sverri Arason, sem hefði verið með hótanir við Ásu Jónsdóttur út af peningum sem hann hefði lánað þeim. Ætlunin hefði verið að hræða hann svo að hann „hætti þessu“. B kveðst ekki hafa farið inn í húsið, þar eð félagar hans vildu ekki hleypa honum með. Félagarnir hefðu komið aftur út úr húsinu með páfagauka. Páll Konráð hefði verið með fiskihníf en Magnús hefði ekki verið með neinn hníf.

Ákærði skýrir svo frá við meðferð málsins að hann hafi komið á heimili Hilmars og konu hans um kvöldmatarleytið umræddan dag í fylgd með Páli Þormar. Ætluðu þeir að hitta annan mann, en fóru íbúðavillt. Ákærði kannast ekki við að hafa ruðst inn í íbúðina, heldur hafi konan boðið þeim inn. Ákærði telur rétt að þeir hafi spurt eftir Hilmari en höfðu þó annan mann í huga.

Ákærði kannast ekki við að hafa ógnað húsmóðurinni með hníf á einn eða annan hátt. Kveðst ákærði aldrei vera með hníf á sér.

Ákærði man að hann bað húsmóðurina að láta mann hennar tala við sig.

Ákærði kveðst hafa séð Pál féлага sinn með hníf í höndum, en man ekki hvort það var þarna eða á Miklubraut 60 skömmu síðar. Ákærði sá ekki Pál ógna konunni með hnífnum. Ákærði sá ekki hníf stungið í borðplötu á Háteigsveginum né í hurð og mótmælir framburði Páls að ákærði hafi verið með hníf á Háteigsveginum.

Ákærði segist hafa verið illa fyrir kallaður þegar skýrsla var tekin af honum daginn eftir atburðinn, og hafi hann því viðurkennt að því væri rétt lýst sem fram kemur í skýrslu lögreglunnar um það sem gerðist á Háteigsvegi 14. Þetta hafi hann látið hafa eftir sér til að losna úr yfirheyrslunni.

Atvik að atburðinum á Háteigsvegi 14 eru á ýmsan hátt óljós, þótt víst megi telja að ákærði og félagi hans hafi farið mannavillt. Ákærði kannast ekki við að hafa verið með hníf á þessum tíma, heldur hafi það verið Páll, en hann segir hið gagnstæða. Hins vegar hefur kærandi haldið því fram, að það hafi verið ákærði sem var með hnífinn. Þegar allt er virt um umræddan atburð þykir ekki vegna stöðu Páls í málinu verða nægjanlega mikið lagt upp úr framburði hans til styrktar framburði kærandans til þess að sakfella ákærða fyrir ógnanir og skemmdir á borðplötu og hurð. Verður ákærði Magnús því sýknaður af broti á 233. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, en háttsemi hans talin brot á 231. gr. almennra hegningarlaga.

2) Í skýrslu lögreglunnar í Reykjavík segir, að kl. 20:18 framangreindan dag hafi verið óskað aðstoðar lögreglunnar að Miklubraut 60. Íbúi þar, Edda Bára Guðbjartsdóttir, skýrði lögreglumönnum svo frá að Páll Konráð hefði komið skömmu áður með tveim henni ókunnugum mönnum, sem reyndust vera ákærðu Magnús og B. Var Edda Bára grátandi og sagði að Páll Konráð hefði komið „að sækja dót“ og hefði hann og meðreiðarsveinar hans ógnað sér, og Páll Konráð m.a. verið með hníf. Páll Konráð hefði sagst hafa komið til að sækja myndavél og hring sem stolið hefði verið frá honum. Hefði hann neitað að hafa sýnt kæranda „átroðning eða ofbeldi“. Hefðu ákærði og B tekið undir það, en B hefði þó getið þess „að hann hefði tekið hníf af“ ákærða. Þremmenningunum var vísað burt af Miklubraut 60. Þá höfðu þeir meðferðis fuglabúr með tveim páfagaukum.

Hinn 17. s.m. gaf Edda Bára skýrslu um málavexti hjá Rannsóknar-lögreglu ríkisins. Þá skýrði hún svo frá:

„S.l. þriðjudag var ég ein heima er bankað var. Ég opnaði og inn ruddust þrír menn. Einn þeirra kannast ég lítilega við, Pál Konráðsson, hina tvo hafði ég ekki séð áður.

Páll var með hníf í höndunum og beindi hann honum að mér. Þetta var beittur og oddhvass hnífur, skaftið svart en hnífsblaðið um 8 cm langt.

Ég forðaði mér inn í eldhús og þar króðu þeir mig af allir þrír. Páll sagðist vera kominn til að sækja hring og myndavél. Það eru munir sem ég hafði fengið hjá stúlku sem ég þekkti til að geyma fyrir hana.

Ég lét þá fá myndavélina og hringinn en þeir fóru ekki en æstu sig af og til upp. Þeir rifu kjaft og röfluðu um hluti sem ég skildi ekki og man ekki en það virtist tóm rugl. Þeir virtust bæði drukknir og í annarlegu ástandi.

Ég var orðin mjög óttaslegin. Margbað ég þá um að fara. Inni í eldhúsi barði Páll mig með krepptum hnefa á bringuna. Ég bar hendurnar fyrir mig og tóku þær af högginn og meiddi ég mig ekki mikið.

Ég var með hring á fingri sem Páll vildi fá og þegar ég afhenti hann ekki strax sagði hann öðrum hinna að koma með hnífinn, hann ætlaði að skera af mér fingurinn. Ég afhenti honum þá strax hringinn en þá ætlaði hann að fara að taka af mér armband líka sem ég gat svo sýnt honum fram á að tilheyrði honum ekki. Annar þeirra sem kom með honum hafði verið búinn að taka af Páli hnífinn.

Hinir tveir höfðu sig í frammi annað slagið og var eins og Páll skipaði þeim fyrir. Þeir sátu fyrir mér í eldhúsinu, svo ég komst ekki undan. Annar sat uppi á eldhúsborði, sá yngri, en sá eldri sat á stól frammi. Eldhúsið er alveg opið.

Þegar sá eldri hafði staðið upp og farið inn í herbergi mitt og ég sá mér fært að komast á milli hinna tveggja skaust ég fram hjá þeim og komst upp þar sem ég hringdi á lögregluna.

Ég fékk hálfgerð taugalost og fékk næturlækni til mín um nóttina. Ég treysti mér ekki til vinnu daginn eftir.“

Við meðferð málsins hefur vitnið Edda Bára borið með áþekktum hætti. Hefur vitnið sagt að fylgdarmaður Páls hafi ekki haft í frammi við það hótanir og annar þeirra, ákærða (sic), reynt að róa hana.

Páll Konráð hefur skýrt svo frá að hann hafi farið með ákærðu Magnúsi og B heim til Eddu Báru, þar eð hann átti við hana „óuppgerðar sakir“. Hefðu þeir knúið dyr og Edda Bára opnað. Er þeir hefðu gengið inn hefði Páll Konráð beðið um „demantshring úr hvítagulli og myndavél“. Edda Bára hefði sagt að hún hefði ekki þá gripi. „Þá tek ég upp hníf, beini honum að henni og segist ekki nenna að standa í þessu. Hún tók þá hringinn af fingrinum, en ég sagði að þetta væri ekki nóg. Ég opnaði skúffu og fann þar dót sem látin móðir mín átti. Tók ég það. Hún afhenti mér svo myndavélina. Edda Bára slapp svo fram hjá mér og hlóp upp til að hringja á lögregluna.“ Páll Konráð bar, að fyrir sér hefði ekki vakað að gera stúlkunni mein, hann hefði aðeins viljað heimta aftur hluti sína sem stolið hefði verið frá honum við innbrot í janúarmánuði 1984.

Ákærði hefur skýrt svo frá að þremmenningarnir hefðu farið frá Háteigsvegi 14 að Miklubraut 60 þar sem Páll Konráð „átti þangað erindi“ vegna muna, gullhrings og keðju, sem hefði verið stolið úr eigu móður hans og systur að Óðinsgötu 8 A. Þeir hefðu knúið dyr og verið hleypt inn. Páll Konráð hefði „ógnað stelpunni með hnífnum“. Ákærði kveðst hafa „stoppað Pál af, en ég held samt að hann hafi bara ætlað að hræða hana en ekki stinga“. Páll Konráð hefði tekið þarna „myndavél og hring en hann segir að helling vanti“. Ákærði kannast ekki við að þeir hafi ruðst inn.

Ákærði B hefur skýrt svo frá að húsið Miklabraut 60 hafi verið ólæst. Þeir hefðu bankað á íbúðardyr og stúlka opnað. Páll hefði viljað fara inn til að ná í hluti sem hann átti. Hefði Páll Konráð farið að skamma stúlkuna í eldhúsinu. Ákærði B kveðst hafa sest upp á eldhúsbörð og ákærði Magnús hefði sest í símastól í ganginum, en eldhúsið væri (sic) opið. Ákærði B kveðst ekki hafa tekið eftir að Páll Konráð „tæki upp hnifinn“, en hann hefði „tuskast eitthvað við stelpuna“ sem slapp og hringdi á lögregluna. Páll Konráð hefði viljað biðja komu hennar vegna þýfisins sem hann taldi vera þarna. Lögreglan hefði „hirt“ þá og farið með þá á Óðinsgötu heim til Páls Konráðs. Þremmenningar sögðu lögreglunni að þeir ættu páfagaukana.

Matthildur Eiðsdóttir hefur skýrt svo frá, að „Óli Halldórs“ hefði brotist inn hjá Páli Konráð og hann gefið henni demantshring úr þýfinu. Vissi Matthildur hvernig Óli Halldórs fékk hringinn en fannst samt ekki ólíklegt að hringurinn hefði verið illa fenginn hjá Páli Konráð, áður en Óli stal honum. Matthildur kveðst hafa skuldað Eddu Báru peninga og látið hana fá hringinn sem greiðslu á skuldinni.

Með framburði ákærða og sjónarvotta og öðrum gögnum málsins er sannað að ákærði ruddist inn á heimili Eddu Báru. Hins vegar er gegn neitun ákærða, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu ósannað að hann hafi átt hlut að því að ógna Eddu Báru með hníf. Ákærði Magnús er því sýknaður af broti á 233. gr. almennra hegningarlaga, en háttsemi hans varðar við 231. gr. sömu laga.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu og öðrum upplýsingum hafa þeir sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

— — —

Ákærði Magnús:

— — —

[Sakavottorð ákærða tilgreinir 21 refsíðóm, uppkveðna á árabílinu 1967 - 1983, svo og 17 sektir samkvæmt dómsátt.]

Refsingar.

Ákærða Magnúsi verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Magnús sætti gæsluvarðhaldi frá 28. október 1984 klukkan 17:05 til 7. nóvember s.á. klukkan 17:00 eða í 10 daga.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að allt framangreint gæsluvarðhald komi refsingum fjögurra hinna fyrstnefndu ákærðu til frádráttar og að því er ákærðu D og E varðar ef refsingar þeirra koma til framkvæmda.

Skaðabætur.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins gerir svohljóðandi skaðabótakröfu:
„Vér viljum hér með leggja fram eftirfarandi bótakröfur fyrir tjóni því er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins varð fyrir er brotist var inn í útsölu stofnunarinnar á Akranesi aðfaranótt fimmtudags 25. október 1984.

Samkvæmt vörutalningu, sem framkvæmd var af fulltrúum ríkis-
endurskoðanda hinn 25. október, reyndist vöntun á tóbaksbirgðum
nema kr. 71.225,00
..... kr. 91.870,00
Samtals kr. 163.095,00

Þegar rannsóknarlögreglan hafði upplýst málið og innbrotsmennirnir meðgengið verknaðinn skiluðu þeir eftirfarandi tóbaki og áfengi í krónum talið:

Áfengi	kr. 34.000,00
Tóbak	kr. 5.599,00
	kr. 39.599,00

Mismunur þess, sem virðist hafa verið stolið, og hins er í leitirnar kom er því kr. 123.496,00.

Kröfur þær, sem vér gerum til innbrotsmannanna um endurgreiðslu verða sem hér segir:

1. Vöntun í tóbaks- og áfengisbirgðir	kr. 123.599,00
2. Laun þriggja manna frá ríkisendurskoðanda í 20 tíma	kr. 26.760,00
3. Vinna og efni vegna skemmda á útidyrum og búnaði samkvæmt reikn.	kr. 179.906,00
	<u>kr. 330.265,00</u>

ÁTVR hefur lækkað 3. lið kröfunnar úr 179.906,00 krónum í 66.359,50 krónur, þar sem kostnaður við þjófavarnarkerfi hafði áður verið ranglega meðtalinn.

Fyrsta og öðrum lið kröfu þessarar fylgja engin frekari gögn og eru þeir því með öllu ófullnægjandi og órökstuddir. Verður kröfunni að því er þessa liði varðar því vísað frá dómi. Að því er varðar 3. liðinn gegnir hins vegar öðru máli, þar sem fullnægjandi fylgiskjöl eru fyrir hendi um tjón það sem þar er gerð krafa um að verði bætt, samtals kr. 66.359,50, og verða ákærðu A, Magnús, B og C því dæmdir til greiðslu þeirrar fjárhæðar óskipt.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 142. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað. Skulu ákærðu greiða málsvarnarlaun til skipaðra verjenda sinna svo sem nánar greinir í dómsorði, en annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði A sæti fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 66 daga gæsluvarðhald.

Ákærði Magnús Einarsson sæti fangelsi í 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 10 daga gæsluvarðhald.

Ákærði B sæti fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 66 daga gæsluvarðhald.

Ákærði C sæti fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 7 daga gæsluvarðhald.

Ákærði D sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði E sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði F sæti fangelsi í 30 daga.

Fresta skal fullnustu refsinga ákærðu D og E, og niður skulu þær falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Komi refsingarnar til framkvæmda, skal draga frá refsingu ákærða

D 6 daga gæsluvarðhald og frá refsingu ákærða E 4 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærði D skal sæta upptöku til ríkissjóðs á einhleyptri haglabyssu af gerðinni Baikal I J-18, kalíber 12.

Ákærðu A, Magnús, B og C greiði óskipt í bætur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 66.359,50 krónur.

Ákærði A greiði Guðnýju Höskuldsdóttur héraðsdómslögmanni 12.000,00 krónur í málsvagnarlaun.

Ákærðu Magnús og B greiði Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni 20.000,00 krónur í málsvagnarlaun óskipt.

Ákærði D greiði Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni 12.000,00 krónur í málsvagnarlaun.

Ákærði E greiði Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni 12.000,00 krónur í málsvagnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Sverrir Einarsson.

Dómsorðið er lesið í heyrenda hljóði klukkan 16:00 og er enginn hinna dómfelldu viðstaddur né neinn fyrir þeirra hönd.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 22. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 700 - 702/1986: Ákærvaldið gegn ákærðu Magnúsi Einarssyni, M og U, sem tekið var til dóms þann 11. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru dagsettri 15. janúar 1986 gegn ákærðu Magnúsi Einarssyni, Bergstaðastræti 33, Reykjavík, fæddum þar í borg þann 6. desember 1948, X ... og Y ...

Í ákæruskjali segir svo:

„I. Mál er höfðað á hendur Magnúsi einum fyrir gripdeild með því að hafa föstudagskvöldið 12. október 1984 hrifsað allt að 7.000 krónur úr peningakassa í söluturninum Tvistinum, Lokastíg 28 í Reykjavík, og haft á brott með sér.

Telst þetta varða við 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Á hendur ákærðu öllum fyrir að hafa aðfaranótt mánudagsins 4. mars 1985 brotist inn í söluskála Skeljungs h.f. við Brúartorg í Borgarnesi og stolið allt að 220.000 krónum í peningum og tékkum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

I.

Um klukkan 22:05 að kvöldi föstudagsins 12. október 1984 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt að tvær grímuklæddar manneskjur hefðu ruðst inn í sjoppuna Tvistinn við Lokastíg 28 hér í borg. Önnur þeirra hefði stokkið yfir afgreiðsluborðið, tekið þar peninga úr peningakassa og báðar hlaupið á brott vestur Lokastíg. Var þegar send út tilkynning þess efnis um fjarskipti. Lögreglumennirnir Sigurður Friðrik Sigurðsson, Karl Hjartarson og Hans Markús Hafsteinsson voru í lögreglubifreið í eftirlitsferð skammt frá og héldu þegar á vettvang.

Í frumskýrslu Sigurðar um málið segir að öðrum aðilanum hafi verið lýst þannig að hann hafi verið í svörtum bol með mynstri framan á eða mynd í gulum og rauðum litum, dökkhærður í leðurjakka og snjáðum gallabuxum. Hinn hafi verið í lopasokkum, gallabuxum, dökkhærður og nokkru minni. Á leiðinni óku lögreglumennirnir um Bergstaðastræti, þar sem þeim var kunnugt um að lausungarlýður heldur til að Bergstaðastræti 33. Þar fyrir utan sáu þeir ákærða, sem þar hafði aðsetur, og Hallgerði Hauksdóttur. Þar sem lýsing á ofangreindum aðilum gat komið heim og saman við þau voru þau handtekin. Við húsið fannst svartur plastpoki með tveim götum. Við leit í nágrenninu fannst sams konar poki ásamt koddaveri við hús nr. 19 við sömu götu. Þá fannst brúnn flauelsjakki í húsagarði við Lokastíg 6. Jörð var blaut, en úlpan þurr og heit.

Við leit á hinum handteknu fundust engir peningar. Var ekið með þau að sjoppunni Tvistinum. Afgreiðslustúlkan, Elísabet Ley, taldi ákærða vera annan þeirra sem ruddist þá skömmu áður grímuklæddur inn í sjoppuna. Hún taldi að stolið hefði verið 5 - 7000 krónum í 100 króna seðlum og e.t.v. einhverju af 50 króna seðlum, en annar hinna grímuklæddu hefði misst 900 krónur á leiðinni út. Í skýrslu Sigurðar segir enn fremur að fundist hafi í lögreglubifreiðinni þriðja gríma sömu gerðar og fannst við Bergstaðastræti 29 og 33.

Skömmu síðar komu rannsóknarlögreglumenn á vettvang. Í skýrslu þeirra um málið segir að afgreiðslustúlkan hafi borið að hún hafi verið ein við afgreiðslu þegar hinar grímuklæddu manneskjur ruddust inn. Önnur vippaði sér yfir afgreiðsluborðið, hrinti henni til hliðar og tók peningana úr peningakassanum. Hin stóð á meðan við útidyrnar og hélt grímunni, svörtum plastpoka með götum á, um hálsinn. Sú fyrrnefnda var í snjáðum gallabuxum og ullarsokkum, en sú síðarnefnda í svörtum jakka og svörtum bol með áletruninni UB40.

Ákærði hefur allt frá handtöku neitað sakargiftum og borið að hann hafi verið að koma gangandi úr sjoppu á horni Grundarstígs og Skálholtssígs, en að öðru leyti verið heima allt kvöldið ásamt Hallgerði og fleira fólki.

Þegar hann var handtekinn var hann klæddur í svartar síðbuxur, svartan stuttermá bol með skrautmynd í mörgum litum framan á, en fyrir ofan hana stafirnir UB40 í hvítum lit. Þá var hann í svörtum leðurstígvélum.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna, sem öll hafa komið fyrir dóm.

Elísabet Ley bar á sama veg og greint var frá í framangreindum lögreglu-skýrslum. Hún hafi verið að afgreiða konu sem flýtti sér út. Annar hinna grímuklæddu hafi vippað sér umsvifalaust yfir afgreiðsluborðið eftir að þeir ruddust inn. Sá hafi verið í flauelsúlpu og snjádum gallabuxum, greinilega karlmaður, en um hinn geti hún ekki fullyrt, enda hafi báðir verið grímuklæddir. Sá síðarnefndi hafi staðið á meðan á þessu stóð órólegur við dyrnar. Hann hafi verið allur svartklæddur, í svörtum leðurjakka og í svörtum bol með áletruninni UB40. Grímurnar á báðum hafi verið úr snjádum, svörtum plastpokum með götum fyrir augu og munn. Hún hafi vikið sér undan, þegar maðurinn stökk yfir borðið, en engin orðaskipti eða hótanir hafi átt sér stað. Þeir hafi staðið við í um eina mínútu og haft á brott með sér úr peningakassanum um 5000 - 7000 krónur. Þeir hafi báðir hlaupið út og niður Lokastíginn, en kona sem kom inn, sá þá hlaupa þá leið. Það hafi maður ætlað að koma inn á meðan þeir voru enn inni, en sá við dyrnar hafi ýtt honum út. Skömmu eftir að hún hringdi á lögreglu komu lögreglumenn á staðinn með mann og konu í lögreglubifreiðinni. Hún þekkti ákærða, þar sem hann hafði komið u.þ.b. ári áður í sjoppuna og haft í hótunum við hana. Henni hafi strax fundist hún endurþekkinga þolinn og leðurjakkann sem ákærði var í, svo og svarta pokann.

Elísabetu voru sýndar í dóminum ljósmyndir rannsóknarlögreglu af fatnaði þeim sem ákærði var í þegar hann var handtekinn og flauelsjakkanum sem fannst við Lokastíg 6, svo og af framangreindum plastpokum. Kannaðist hún við fatnaðinn og plastpokana.

Guðbjörg Jónsdóttir kveðst hafa komið að umræddri sjoppu um kl. 22:00 þetta kvöld. Eiginmaður hennar, Uffe Balslev Eriksen, hafi ekið henni þangað. Sá hún tvær mannverur standa í skoti við inngang að Lokastíg 28 og sneru þær við henni baki. Útiljós hafi logað í innganginum, sem snýr að Lokastíg. Hún hafi verið ein fyrir framan afgreiðsluborðið þegar tvær manneskjur ruddust inn. Önnur vippaði sér yfir borðið og fór orðalaust að peningaskúffunni á meðan hin stóð fyrir framan afgreiðsluborðið. Komst hún óhindruð út, en strax á eftir komu þessar manneskjur út á eftir henni og hlupu mjög hratt vestur Lokastíginn. Eiginmaður hennar var þá kominn út úr bílnum og hljóp á eftir þeim Njarðargötuna og niður Þórs-götu og ætlaði að freista þess að koma á móti þeim, en missti af þeim.

Guðbjörg lýsti mannverunum tveim á þann veg, þegar hún sá þær í skotinu við Lokastíginn, að önnur var í snjádum gallabuxum, í brúnum jakka,

e.t.v. úr rúskinni, með ljósleitt skollitað hár, en hin frekar sítt dökkt hár og telur að hún hafi verið dökkklædd. Hún kvaðst vera nokkuð viss um að þetta hafi verið tveir karlmenn, þó hafi dökkhærða mannveran sem sneri við henni baki getað verið kvenmaður, þar sem hún hafi verið finlegri og kvenlegri í samanburði við hina. Er hún sá þessar persónur í sundinu voru þær grímulausar, en þegar þær ruddust inn í sjoppuna var önnur með svartan plastpoka yfir höfðinu, en hin að hún telur með einhverja ljósa dulu. Grímunum héldu þær saman með höndunum um hálsinn. Sú ljóshærðari og stærri hafi vipað sér yfir borðið en hin, sem var dekkri og minni, stóð fyrir framan. Önnur þeirra hafi verið í skræpóttri skyrtu.

Eiginmaður Guðbjargar, Uffe Balslev Eriksen, kvaðst hafa beðið í bifreiðinni fyrir utan eftir konu sinni og sneri baki í dyrnar á sjoppunni. Þegar hún kom út skýrði hún honum frá því sem skeð hafði og hljóp hann þá vestur Lokastíginn að gatnamótum Baldursgötu og Þórgötu en varð einskis var.

Þórir Guðmundsson kvaðst hafa verið að koma að sjoppunni umrætt kvöld, þegar hann mætti tveim persónum, sem komu þar út. Önnur gerði sig líklega til að sparka í hann. Því næst gengu þær niður Lokastíginn, en þegar þær höfðu gengið ca 10 - 20 metra tókú þær á rás og hlupu. Báðar þessar persónur voru með poka yfir höfðinu, sem náðu ca niður undir mitti, en hann treysti sér ekki til að lýsa klæðaburðinum nánar, enda myrkur. Þóri voru sýndar í dóminum ljósmyndir rannsóknarlögreglu af plastpokum þeim sem áður er getið, og kvað hann þá mjög líka þeim sem hann sá persónurnar tvær með.

Sigurður Friðrik Sigurðsson lögreglumaður staðfesti framangreinda skýrslu sína fyrir dóminum. Lýsti hann aðdraganda að handtöku ákærða á sama veg og að framan greinir. Þegar þeir komu að ákærða fyrir utan heimili hans hafi hann bersýnilega verið móður eins og eftir hlaup. Í tilkynningu frá fjarskiptum hafi því verið lýst að þeir grunuðu hefðu verið með poka yfir andlitinu. Við leit í nágreininu hefðu svo fundist tveir svartir plastpokar, koddaver með gati og ljósbrúnn rúskinnsjakki, svo sem hann lýsti nánar í frumskýrslu. Afgreiðslustúlkan í sjoppunni hafi séð ákærða í lögreglubílnum og talið sig þekkja hann af bolnum, sem hann var í.

Sigurður bar að í lögreglubíl þeim sem flutti ákærða og Hallgerði Hauksdóttur frá handtökustað á lögreglustöðina hefði fundist svartur, slitinn plastpoki með götum sams konar þeim sem þeir höfðu áður fundið. Pokinn hafi fundist aftan við þversætið, framan við bekkinn vinstra megin í bílnum. Hafi hann augskýnilega verið falinn þar.

Framburður lögreglumannanna Hans Markúsar og Karls var á sama veg og Sigurðar Friðriks. Báru þeir báðir að svartur plastpoki hafi fundist í lögreglubifreiðinni, sams konar þeim sem þeir höfðu áður fundið. Kvaðst

Karl hafa verið að loka afturhurð bifreiðarinnar þegar hann sá í pokann á ofangreindum stað. Þá báru báðir að ákærði hafi verið móður eins og eftir hlaup þegar þeir komu að honum við Bergstaðastræti 33. Hann hafi neitað sakargiftum við handtökuna.

Hallgerður Hauksdóttir kvaðst hafa verið að fara út með rusl umrætt sinn þegar ákærða bar þar að og hafi hann komið gangandi suður Bergstaðastræti. Kvaðst hún ekki minnast þess að ákærði hafi komið hlaupandi eða verið móður. Hún hafi heilsað ákærða, en þá hafi lögreglan komið og handtekið þau bæði. Hún kannaðist ekki við að hafa vitneskju um málið. Hún sagði að á leiðinni í lögreglubifreiðinni hefði hún séð svartan plastpoka á gólfinu í bílnum eftir að ákærði hreyfði sig eitthvað. Hann hafi síðan hent pokanum til hennar og hafi hún ýtt honum undir sætið á bílnum. Pokinn hafi verið í kuðli og svipaður þeim sem henni var sýnd mynd af í dóminum. Sú mynd var af poka þeim, sem lögreglumenn fundu og ljósmyndaður var af rannsóknarlögreglu. Hún kveðst hafa gert sér grein fyrir að ákærði vildi losna við þennan poka.

Rannsóknarlögreglumennirnir, Bjarni J. Bogason og Steindór Gunnarsson, önnuðust ljósmyndun af vettvangi og munum þeim sem fundust í nágrenni hans, klæðnaði ákærða við handtöku o.fl. Komu þeir báðir fyrir dóminn og staðfestu töku og uppsetningu ljósmyndanna og uppdrátta þeirra, sem frammi liggja í málinu.

Með framburði ofangreindra þriggja lögreglumanna og lýsingu annarra framangreindra vitna á klæðaburði þeirra tveggja sem ruddust inn í sjoppuna Tvistinn umrætt kvöld, en klæðnaður ákærða, sem var handtekinn þar skammt frá örskömmu síðar, kemur heim og saman við þá lýsingu, svo og með framburði Hallgerðar Hauksdóttur, þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða Magnúsar, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er ákærður fyrir í I. kafla ákæru og varðar við 245. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu liggur frammi skaðabótakrafa Sveins Jónssonar eiganda Tvistsins, Lokastíg 28, R., að fjárhæð kr. 6.000,00, og verður krafan tekin til greina og ákærði dæmdur til greiðslu hennar.

II.

Um kl. 08:15 að morgni mánudagsins 4. mars 1985 hringdi Þorsteinn Jóhannesson, starfsmaður söluskála Shellstöðvarinnar við Brúartorg, Borgarnesi, í lögregluna í Borgarnesi og tilkynnti um innbrot í söluskálann þá um nóttina. Fóru tveir lögreglumenn á staðinn. Gler hafði verið brotið í sölulúgu og farið þar inn. Læstum dyrum að skrifstofu hafði verið sparkað upp og læst skrifborðsskúffa spennt upp. Úr skúffunni hafi verið tekinn lykill að peningaskáp og hann opnaður. Í honum hafði verið skúffa

sem var horfin. Í skúffunni voru umslög með helgarsölu söluskálans í peningum og tékkum. Þá var horfinn pappakassi úr ólæstum skáp undir peningaskápnnum með skiptimynt. Talið var að horfið hefðu 220 - 250 þúsund krónur í peningum og tékkum og tvö óútfyllt tékkhefti.

Í lögregluskýrslunni segir að við komu á vettvang hafi verið snjófól á jörð, en að sögn Þorsteins Jóhannessonar hefðu engin för verið í snjónum er hann kom á staðinn um kl. 08:00 um morguninn. Snjófól hafi verið um kl. 06:00 um morguninn en ekki farið að snjóa um kl. 03:20 um nóttina.

Við könnun á vettvangi, sem rannsóknarlögreglan myndaði, kom í ljós að á skrifstofuhurðinni sátust tvö skóför eftir sama skóinn. Um þetta segir svo í lögregluskýrslunni:

„Var annað farið við hurðarhúnn, en hitt var nokkuð hærra og nær miðju hurðar, í um 115 sm hæð frá gólfi. Skóstærð var um nr. 42 - 43. Munstur var: risbárur þvert á sólann, milli bárutoppanna mældust 10 m/m og þykkt á báru mældist 7 m/m. Á jaðri skófarsins greindust fínar þverrákir eða rifflur. Voru skóförin ljósmynduð og síðan kústuð með fingrafaradufti og þá ljósmynduð aftur.“

Leitað var fingrafara á vettvangi en án árangurs.

Um kl. 18:05 þriðjudaginn 5. mars barst lögreglunni í Borgarnesi tilkynning þess efnis að Ingvi Þorsteinsson, starfsmaður Vegagerðarinnar, hefði skömmu eftir hádegisd fundið hluta af þýfinu í fjörunni neðan við Hlaðhamar í Hvalfirði. Tveir rannsóknarlögreglumenn Rannsóknarlögreglu ríkisins fóru á fund Ingva sem afhenti þeim þýfið. Kvaðst hann hafa fundið stálskúffu í fjörunni og hjá henni plastpoka með ávisunum að fjárhæð kr. 81.581,80, reikningum o.fl. pappírur, ávisanaheftum ásamt 100 dönskum krónum. Ingvi fór með rannsóknarlögreglumönnum á vettvang og sýndi þeim staðinn þar sem hann fann þýfið. Ljósmynduðu þeir vettvang. Sjá mátti að þarna hafði nýlega verið farið um gangandi frá vegarbrúnni og niður í fjöruna á umræddan stað. M.a. var tekin þarna ljósmynd (nærmynd) af hælfari eftir skó.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 8. mars 1985 viðurkenndi ákærði Y að hann hefði ásamt meðákærðu Magnúsi og X tekið þátt í ofangreindu innbroti. Föstudags- eða laugardagskvöldið áður hafi Magnús hringt í hann og rætt um það að þeir heimsæktu Má sem dvaldi þá í Hlaðgerðarkoti í Mosfellssveit. Afráðið var að það mundu þeir gera næsta sunnudag. Magnús bað hann að hitta sig á Grettisgötu þar sem vinstúlka hans býr. Magnús hafi áður rætt um það að þeir myndu ræða um innbrot við X í þessari ferð. Hann hafi svo komið um kl. 13:30 á Grettisgötuna og flautað, eins og um hafði verið rætt þeirra í milli. Magnús og stúlkan, Anný að nafni, hafi komið út í bílinn og þau ekið að Hlaðgerðarkoti. Þau hafi hitt Má og öll farið inn í herbergi hans. Strax hafi verið rætt um

þjófnaði og innbrot. Upphaflega hafi verið rætt um að brjótast inn á Selfossi, en samkvæmt uppástungu X hafi verið afráðið að fara upp í Borgarnes og brjótast þar inn í bensínstöð Shell. Afráðið var að þeir þrír færu í innbrotið á sunnudagskvöldið. Anný hafi verið vitni að þessum samræðum. Þarna hafi einnig verið afráðið að Magnús útvegaði bílaleigubíl, og átti að fá mann, sem heitir Guðni og býr á Rauðarárstíg, til að taka bílinn á leigu. Y kvaðst sjálfur hafa látið Magnús fá kr. 4.000,00 í peningum til að hann gæti greitt Guðna inn á leiguna. Hafi hann látið Magnús fá þessa peninga, þegar hann skildi við hann að aflokinni heim-sókninni til X fyrir utan heimili Annýjar á Grettisgötunni, en það var um kl. 15:00. Um það hafi verið samið að þeir Magnús myndu sækja X að afleggjara fyrir neðan Hlaðgerðarkot kl. 01:15 þá um nóttina, en þaðan skyldi halda til Borgarness. Þeir Magnús hafi hist um kl. 21:00 á sunnudagskvöldið á Lækjartorgi og gengið saman upp á Grettisgötu að heimili Annýjar. Þar fyrir framan stóð ljósbrún sendibifreið af gerðinni Subaru. Magnús hafi sagt að Guðni hefði tekið bílinn á leigu fyrir hann. Þessu næst óku þeir á bílnum að Hlemmi og þaðan í Ártúnsholt til að kanna hvort þeir gætu stolið þar einhvers staðar verkfærum til að nota við innbrotið. Þarna í hverfinu sá hann vinnuskúr sem hann fór inn í, og þar stal hann kúbeini og hamri. Eftir þetta óku þeir um bæinn, en um kl. 23:00 fóru þeir í Laugarásbíó. Að sýningu lokinni, skömmu fyrir klukkan eitt, óku þeir að Hlaðgerðarkoti á umsamdan stað, og kom þá X gangandi á móti þeim. Þaðan óku þeir þrír í Borgarnes eins og um var talað. Þeir lögðu bifreiðinni við þjóðveginn skammt frá bensínstöð Shell. X braut þar upp lúgu með kúbeininu, sem þeir Magnús höfðu stolið, skreið inn um gatið og opnaði hurð, sem snýr út að þjóðveginum. Þegar þeir voru allir þrír komnir inn sparkaði X upp hurð að skrifstofu og braut síðan upp skrifborðsskúffu, sem í reyndust vera lyklar að peningaskáp, sem þarna var. Í hólfi í honum voru tékkar, kr. 104.000,00 í peningum, eitthvað af útfylltum tékkum, nótu og fleiri pappírnum. Tóku þeir hólfið með sér og skoðuðu í það á leiðinni til baka. Þegar þeir voru komnir skammt frá Botnsskálanum í Hvalfirði fóru þeir Magnús með skúffuna niður í fjöru og skildu þar eftir ásamt plastpoka með smámynt, en kúbeininu og hamrinum henti hann út í sjó. Á leiðinni skiptu þeir með sér peningunum og kom í hlut hvers um 34.000,00 krónur. Þeir skildu við X á sama stað og þeir tóku hann upp í og óku sem leið lá að heimili Guðna við Rauðarárstíg, þar sem hann skildi bílinn eftir og fékk Magnúsi lyklana að honum. Þarna fyrir utan hittu þeir leigubílstjóra að nafni Gísli sem ók þeim að Kaffivagninum við Grandagarð. Þarna fór hann úr bílnum, en Magnús og Gísli óku á brott. Skömmu síðar kom Magnús aftur að Kaffivagninum og þá hafi hann sagt að hann væri búinn að losa sig við peningana. Skildist honum að Magnús hefði látið

Gísla hafa peningana. Sjálfur eyddi hann peningunum, sem komu í hans hlut, í óreglu, að undanskildum 1.000,00 krónum sem hann skilaði til rannsóknarlögreglu.

Ákærði Y bar í öllum atriðum á sama veg og fyrir dóminum. Kvað hann hafa verið þurrt og úrkomulaust á leiðinni í Borgarnes, en á heimleiðinni hafi verið farið að snjóa.

Daginn eftir framangreindan þjófnað beindust grunsemdir rannsóknarlögreglumanna að skutbifreiðinni R-55755, af gerðinni Subaru, ljósbrúnni að lit, þar sem henni var ekið um Hlemm, og margt manna var í henni. Við nánari rannsókn kom í ljós að skráður eigandi hennar var Bílaleigan Vík, og hafði Guðni Geir Helgason, Rauðarárstíg 28, R., tekið hana á leigu daginn áður kl. 16:15 til sólarhrings, en ekki skilað henni á tilskildum tíma. Akstur bifreiðarinnar var stöðvaður síðar þennan sama dag, og hafði henni þá verið ekið á leigutímanum 435 km.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu að kvöldi þessa sama dags var Guðni Geir yfirheyrður. Kvað hann ákærða Magnús Einarsson hafa beðið sig að taka bifreiðina á leigu fyrir hann þá er þeir hittust daginn áður á Hlemmi um kl. 16:00. Magnús hafi beðið hann að leggja út fyrir tryggingunni á bílnum, og hafi hann ætlað að endurgreiða sér daginn eftir og greiða þá jafnframt leiguna á bílnum. Fyrir þetta ætlaði Magnús að láta hann hafa brennivínsflösku. Hann hafi tekið bílinn á leigu hjá bílaleigunni Vík til sólarhrings, en Magnús hafi ætlað að útvega annan ökumann til að aka bifreiðinni einhverra erinda, en ekki vissi hann hverra, en hann hafi beðið sig að leigja skutbifreið. Hann hafi sótt Magnús á Umferðarmiðstöðina þegar hann hafði sótt bílinn á leiguna og ekið honum heim til sín á Rauðarárstíg þar sem hann afhenti Magnúsi lyklana að bílnum. Næsta morgun milli kl. 10:00 og 11:00 hafi hann hitt Magnús á Hlemmi, og stóð þá bifreiðin fyrir utan heimili hans á Rauðarárstíg. Lét Magnús hann hafa lyklana að bifreiðinni sem þá var nokkuð aurug. Þetta sama kvöld hafi hann lánað einhverjum strák, sem heitir Jóhann, bílaleigubílinn og hafi sá skilað bifreiðinni daginn eftir kl. 14:00. Hafi Jóhann sagt að akstur hans á bílnum hafi verið óverulegur. Skömmu eftir það kvaðst hann hafa verið í bílnum með fleira fólki, m.a. Magnúsi og Kristjáni Haukssyni, en þá verið handtekinn. Framburður Guðna Geirs var í öllum meginatriðum á sama veg fyrir dómi.

Gísli Snorrason var yfirheyrður fyrir rannsóknarlögreglu þann 11. mars sama ár svo og fyrir dómi. Hann kannaðist við að hann hefði hitt ákærða Magnús aðfaranótt mánudagsins 4. mars á Rauðarárstíg. Með honum hafi verið strákur sem hann þekki ekki. Hann hafi ekið þeim að Kaffivagninum á Grandagarði þar sem strákurinn fór út, en hann hafi ekið Magnúsi að Bárugötu. Er þangað kom var enginn heima svo Magnús bað hann að aka

sér aftur að Kaffivagninum. Þá hafi klukkan verið um 5:00 um morguninn. Þar hafi hann látið sig hafa 20.000,00 krónur. Magnús hafi greitt honum með þessum peningum skuld að fjárhæð kr. 10.000,00, en beðið hann að geyma fyrir sig kr. 10.000,00 þar til síðar, en hvenær Magnús ætlaði að vitja peninganna vissi hann ekki. Hann kvaðst hvorki vita hvaðan peningarnir voru komnir né hvers vegna hann átti að geyma þá fyrir Magnús.

Gisli afhenti rannsóknarlögreglu ofangreindar 20.000,00 krónur, sem komið var til skila.

Anný Margrét Ólafsdóttir, þáverandi vinstúlka ákærða Magnúsar, var yfirheyrð fyrir lögreglu þann 7. mars sama ár.

Var hún í upphafi yfirheyrslunnar yfirheyrð sem vitni. Hún bar að hún hefði verið samvistum við ákærða Magnús allan laugardaginn 2. mars og fram á sunnudag.

Þá greindi hún frá ferðum Magnúsar þennan sunnudag. Er á leið yfirheyrsluna breytti hún framburði sínum og kvaðst hafa sagt ósatt um ferðir Magnúsar þennan dag. Var hún yfirheyrð eftir það sem grunuð. Hún kvað ákærða Y hafa komið heim til sín á Grettisgötuna um kl. 13:00 þennan dag, en þá voru þau Magnús þar. Y hafi verið á rauðri bifreið, sem hann ók þeim í að Hlaðgerðarkoti. Þar hittu þau ákærða X. Fóru þau inn í herbergi hans og voru þar um hálfa klukkustund. X og Y hafi talað um að taka á leigu bílaleigubíl og ræddu þeir um að fara eitthvað í bílnum, en hvert vissi hún ekki. Þeir hafi talað undir rós og fannst henni að þeir væru e.t.v. að tala um að ræna einhvern stað. Þó gat hún ekki vitað þetta með vissu. Á samræðum þeirra hafi henni skilist að Y og Magnús ætluðu að hitta X við einhvern afleggjara um kvöldið. Henni hafi skilist að X þekkti einhvern mann, sem myndi taka fyrir þá bílinn á leigu. Um klukkan 16:00 - 16:30 þennan sunnudag sýndi Magnús henni bíllykla og kvað þá vera að bílaleigubíl, sem hann væri með á leigu. Benti hann henni á bílinn, brúna skutbifreið af gerðinni Subaru, þar sem hann stóð við Grettisgötuna. Þau hafi ekki notað bílinn á meðan þau voru saman, en leiðir þeirra skildu þegar afi hennar ók henni frá heimili hennar um kl. 19:15 á Umferðarmiðstöðina.

Anný Margrét var yfirheyrð fyrir dóminum þann 13. mars sl. Kvaðst hún vera starfsstúlka og byggi hjá afa sínum og ömmu á Grettisgötu 33B. Hún gat þess ekki að hún hefði gifst ákærða Magnúsi þann 25. janúar 1986, svo sem dómaranum barst síðar til eyrna og fékk staðfestingu á þann 17. september sl. með hjónavígsluvottorði þeirra. Var Anný því yfirheyrð í dóminum sem vitni, en af ofangreindum ástæðum var ekki gætt ákvæða 1. tl. 89. gr. nr. 74/1974.

Hún bar í meginatriðum á sama veg fyrir dóminum og fyrr, en bætti því nú við að ákærði Magnús hefði brugðið sér úr herberginu á meðan

á ofangreindu samtali stóð, þ.e. það hafi verið þeir Y og X sem ræddu undir rós um að fara í innbrot eða vinnu, jafnvel hafi þeir rætt um að ráða sig á skip, en hún gat ekki áttað sig frekar á því um hvað þeir voru að tala. Hún neitaði því að ákærðu Magnús eða X hefðu reynt að hafa áhrif á framburð hennar og frekari samprófun við ákærða Y bar ekki árangur.

Vitnið Kristján Hauksson, sem var í ofangreindum bílaleigubíl þegar lögreglan hafði af honum afskipti, var yfirheyrður fyrir rannsóknarlögreglu þann 6. mars 1985 og fyrir dómi þann 13. nóvember sl.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu kannaðist hann við að hann hefði verið farþegi í umræddum bílaleigubíl ásamt fleira fólki mánudaginn 4. mars og hitt þá ákærða Magnús, sem kom í bifreiðina er hann yfirgaf hana. Stúlka að nafni Anna María hafi ekið bifreiðinni. Hann hafi frétt að Magnús og Guðni hafi verið með bílinn á leigu. Þetta sama kvöld hafi hann komið á heimili Guðna og var þá Magnús þar. Magnús hafi verið „alveg brjálaður“ vegna þess að ekki var búið að skila bílaleigubílnum. Kristján kvaðst ekkert frekar vita um notkun bílsins.

Þegar Kristján var yfirheyrður fyrir dómi kvaðst hann muna óljóst eftir atvikum, en kannaðist við undirskrift sína undir skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu. Hann kvaðst þó ekki vita hvort skýrslan væri sannleikanum samkvæm. Hann taldi að Guðni Geir hefði verið með bílaleigubílinn á leigu, en Anna María hefði sagt honum að Magnús hefði verið með bílinn á leigu. Hann minntist þess hvorki að hann hefði verið í bílnum samtímis Magnúsi né að hafa hitt hann á heimili Guðna Geirs né ofangreindra ummæla Magnúsar þar. Hann kvaðst ráma í að hafa komið á heimili Guðna Geirs svo og veru sína í bílnum, en um annað það sem eftir honum er haft í skýrslu rannsóknarlögreglu kvaðst hann ekki muna nú.

Ofangreind stúlka, Anna María Haraldsdóttir, var yfirheyrð hjá rannsóknarlögreglu sama dag og Kristján Hauksson. Hún kvaðst hafa verið á heimili Guðna Geirs mánudaginn 4. mars. Hann hafi verið með bílaleigubíl af gerðinni Subaru og fór hún að aka bifreiðinni. Með henni í bifreiðinni voru Guðni, Kristján o.fl. Hittu þau ákærða Magnús í miðbænum, en þar fór Kristján úr bílnum. Magnús hafi verið í bílnum um 1 klukkustund. Síðar sama kvöld ók hún Magnúsi og fleiri mönnum í bifreiðinni uns einn þeirra tók við akstrinum og ók ákærða í skemmtistaðinn Hollywood en henni heim.

Við meðferð málsins fyrir dómi kom í ljós að Anna María var búsett á Djúpavogi. Var þess farið á leit við bæjarfógetann á Eskifirði með bréfi dómsins frá 17. september sl. að hún væri yfirheyrð fyrir dómi, en þrátt fyrir itrekaðar óskir dómsins var því ekki sinnt, og þótti dómaranum ekki rétt að tefja málið lengur af þessum sökum og lét við svo búið standa.

Þá kom fyrir dóminn Bjarni J. Bogason rannsóknarlögreglumaður og staðfesti þær ljósmyndir sem hann tók af vettvangi í bensínafgreiðslu Shell og við Hlaðhamar í Hvalfirði, svo og af skófatnaði ákærðu Magnúsar og X.

Í skýrslu Bjarna dagsettri 12. mars 1985 segir svo um rannsókn á framangreindum skófatnaði:

„Skór Magnúsar Einarssonar:

Hér er um að ræða svarta támjóa leðurskó, rúmlega ökklaháa. Gjörð er um ökklaan með krómuðum bóllum og fellingu þar fyrir ofan. Sóli er léttur, ómynstraður. Hæll er sléttur, ómynstraður, en þó má greina vörumerkið „Continental“ á hælum. Innan á vinstri skó er stimplað: 43. 8 221 - 3055 9 5.38 - 92312. Innan á hægri skó má sjá að samskonar stimplun hefur verið en hún er að mestu afmáð. Hliðar hælsins eru ekki samhverfar, innan fótar nær hællinn framar.

Þegar hællinn er borinn við ljósmynd sem undirritaður tók í Hvalfirði 05.03. 1985 af hælvari virðist hællinn passa við hælvarið, þ.e. að hælvarið sé eftir samskonar skó og eru hér til skoðunar.

Skór X:

Hér er um að ræða bláa reimaða leðurskó með hvítum bryddingum og hvítum saumum. Sólar eru hvítir mynstraðir. Áletrun á sóla: LEDY 42 ivoplast s.r.l. VILLA DEL CONTE. Pd. MADE IN ITALY. Mynstur sóla er eins og ljósmyndir undirritaðs sýna en það er öldótt miðja í sólanum og stutt strik, þverstrik eru meðfram sólanum og fremst á tá og hæl. Annaðhvert þverstrik er rofið. Á ljósmynd sem lögreglan í Borgarnesi tók af hurð sem sparkað var upp á afgreiðslu SHELL í Borgarnesi virðist vera um samskonar far að ræða, þar er far eftir samskonar skó og hér eru til rannsóknar.

Niðurstaða:

Þegar framkomin atriði eru skoðuð virðist ljóst að för á hurð í Borgarnesi og hælvar skammt vestan við Hlaðhamar í Hvalfirði eru eftir skó X og Magnúsar Einarssonar.“

Þá staðfesti Bjarni einnig í dóminum að hann hefði tekið ljósmyndir sem frammi liggja í málinu af kúbeini og klaufhamri sem lögreglan í Borgarnesi fann þann 11. sama mánaðar í fyrsta ál Botnsár norðan Hlaðhamars í Hvalfirði samkvæmt tilvísun ákærða Y í skýrslu hans hjá rannsóknar-lögreglu.

Ákærðu Magnús og X hafa staðfastlega neitað sakargiftum í máli þessu, og báru samprófanir við ákærða Y og vitni í málinu engan árangur.

Ákærði Magnús kvaðst aðspurður fyrir rannsóknarlögreglu enga atvinnu hafa stundað frá því er hann losnaði úr afplánun á Litla-Hrauni í júlí 1984 og hefði engan fastan dvalarstað. Við fyrstu yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 6. mars sama ár bar hann að umræddan sunnudag hefði hann verið einn að þvælast en lent á fylliríi um kvöldið. Hann hafi verið í einhverju húsi við Hverfisgötu með fólki, sem hann ekki þekki. Hann hafi verið þar fram eftir nóttu, en eftir klukkan 04:00 um nóttina hafi hann farið í Kaffivagninn en þaðan á Hótel Loftleiðir. Hann kvaðst ekkert frekar muna af ferðum sínum á mánudag. Aðspurður um bílaleigubílinn kvaðst hann ekki vita annað en það að Guðni Geir hefði tekið hann á leigu á sunnudeginum, en sjálfur hafi hann komið í bifreiðina, en mundi ekki hvenær. Við frekari yfirheyrslur og samprófanir kvaðst hann ekkert frekar hafa um málið að segja og kvað ofangreinda framburði vitna og ákærða Y tómmt rugl. Við sampröfun við Annýju Margréti þann 30. maí 1985 kannaðist hann þó við að hann hefði farið með henni og Y í heimsókn í Hlaðgerðarkot. Annað vildi hann ekki segja um ferð þessa.

Við yfirheyrslu fyrir dómi neitaði ákærði Magnús enn sakargiftum. Hann bar nú að hann hefði hitt meðákærða Y aðfaranótt 4. mars, þegar Gísli Snorrason ók þeim í Kaffivagninn út á Granda, en annað hafi hann ekki haft af honum að segja þessa nótt. Hins vegar minntist hann þess að hann hafi farið með Y og Annýju Margréti í Hlaðgerðarkot umræddan sunnudag að heimsækja meðákærða X. Hann hafi verið á salerninu mestmegnis af þeim tíma, sem þau stöldruðu þarna við. Annað í framburði meðákærða Y kvaðst hann ekki kannast við. Þá kannaðist hann heldur ekki við að hann hefði beðið Guðna Geir að taka fyrir sig á leigu bílaleigubílinn. Kvað hann framburði Guðna Geirs og Annýjar Margrétar vera ranga að því er bifreiðina varðaði.

Ákærði X hefur borið að hann hafi verið í Hlaðgerðarkoti umrædda helgi. Ákærði Magnús hafi heimsótt hann eftir hádegi á sunnudeginum, en við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu vildi hann ekki svara því hvort hann kom einn síns liðs eða ekki. Hins vegar kannaðist hann við það við yfirheyrslu fyrir dómi að meðákærði Y og Anný Margrét hafi verið í för með Magnúsi. Þeir Magnús hafi rætt um að fara til sjós. Kvað hann framburði Y að öðru leyti tóma þvælu og harðneitaði öllum sakargiftum.

Sakarferill ákærðu:

Ákærða Magnúsar:

Árið 1966 var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum í 2 ár vegna skjalafals og þjófnaðar. Frá sama ári til ársins 1983 gekkst hann 18 sinnum undir dómsátt vegna ýmissa brota, aðallega ölvunar á almannafæri og fíkniefnabrota. Á árunum 1967 - 1983 hlaut hann 22 refsíðoma fyrir

umferðarlagabrot og ýmis hegningarlagabrot, aðallega auðgunarbrot og skjalafals, samtals 6 ára og 1 mánaðar óskilorðsbundið fangelsi auk skilorðsbundinnar refsingar og varðhalds. Síðast hlaut hann refsidóm þann 18. des. 1986, 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað o.fl.

— — —

Niðurstöður:

Svo sem að framan getur var vitnið Anný Margrét Ólafsdóttir yfirheyrð fyrir dómi án þess að gætt væri ákvæða 1. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974. Þá reyndist ekki unnt að staðfesta framburð vitnisins Önnu Mariu Haraldsdóttur fyrir dómi. Við mat á sönnunargildi framburðar þessara vitna verður þetta haft í huga.

Með framburði ákærða Y, sem studdur er framburði vitnanna Guðna Geirs Helgasonar, Gísla Snorrasonar, Önnu Mariu Haraldsdóttur og Annýjar Margrétar Ólafsdóttur og öðru því sem fram er komið í málinu, svo sem vettvangsrannsóknnum, þykir, þrátt fyrir neitun ákærðu Magnúsar og X, komin fram lögfull sönnun þess að ákærðu hafi allir þrír gerst sekir um þá háttsemi sem þeir eru ákærðir fyrir, enda er framburður þeirra tveggja síðasttöldu ótrúverðugur og reikull.

Varðar ofangreint brot ákærðu við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög:

Ákærða Magnúsi verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga og ákærðu öllum einnig með hliðsjón af 78. gr. sömu laga, en brot ákærða X var framið áður en refsidómurinn frá 5. júní 1985 var upp kveðinn og brot ákærða Y áður en þrír síðustu refsidómarnir yfir honum voru upp kveðnir.

Með hliðsjón af sakarferli ákærðu Magnúsar og X þykir refsing ákærða Magnúsar hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi og refsing ákærða X 4 mánaða fangelsi. Refsing ákærða Y þykir með hliðsjón af því að hann var aðeins 17 ára er hann framdi brot það, sem hér um ræðir og því að hann játaði greiðlega brot sitt hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi.

Ákærði Magnús sat í gæsluvarðhaldi vegna málsins í I. kafla ákæru frá 13. október 1984 kl. 20:47 til 18. sama mándar kl. 17:00 og vegna málsins í II. kafla ákæru frá 8. mars 1985 kl. 13:39 til 5. júní sama ár kl. 17:00, samtals 95 daga.

Ákærði X sat í gæsluvarðhaldi vegna málsins í II. kafla ákæru frá 8. mars 1985 kl. 16:25 til 5. júní sama ár kl. 17:00, samtals 90 daga.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að framangreint gæsluvarðhald ákærðu Magnúsar og X komi refsingu þeirra til frádráttar.

Í málinu liggur frammi sundurliðuð skaðabótakrafa Olíufélagsins

Skeljungs hf. vegna málsins í II. kafla ákæru, samtals að fjárhæð kr. 178.866,00, þar af vegna skemmdarverka kr. 37.163,00. Í kröfunni er gert ráð fyrir að í innbrotinu hafi verið stolið 140.000,00 krónum í peningum og 82.000,00 í tékkum, en af þeim komust tékkarnir til skila við rannsókn málsins svo og 21.000,00 krónur í peningum. Af peningum þeim sem sannað þykir að ákærðu stálu komust því kr. 119.000,00 ekki til skila, en í kröfunni er ranglega talið að peningar, sem upp á vanti, nemi kr. 141.703,00 í stað 119.000,00. Að þessu athuguðu verður krafan tekin til greina þar sem hún er sundurliðuð og henni í hóf stillt. Verða ákærðu því allir þeir dæmdir til að greiða félaginu óskipt samtals kr. 156.163,00 í skaðabætur.

Loks er ákærði Magnús dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hdl., kr. 30.000,00 í málsvarnarlaun, ákærði X til að greiða skipuðum verjanda sínum, Guðnýju Höskuldsdóttur hdl., kr. 20.000,00 og ákærði Y skipuðum verjanda sínum, Eddu S. Ólafsdóttur hdl., kr. 10.000,00.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði Magnús Einarsson sæti 8 mánaða fangelsi. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans, 95 dagar.

Ákærði X sæti 6 mánaða fangelsi. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans, 90 dagar.

Ákærði Y sæti 4 mánaða fangelsi.

Ákærði Magnús greiði söluturninum Tvistinum, Lokastíg 28, R., kr. 6.000,00.

Ákærðu Magnús, X og Y greiði Olíufélaginu Skeljungi hf. kr. 156.163,00.

Ákærði Magnús greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hdl., í málsvarnar- og réttargæslulaun kr. 30.000,00.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Guðnýju Höskuldsdóttur hdl., í málsvarnar- og réttargæslulaun kr. 20.000,00.

Ákærði Y greiði skipuðum verjanda sínum, Eddu S. Ólafsdóttur hdl., kr. 10.000,00.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.